

Nd.

315. Frumvarp til laga

[192. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Magnús Kjartansson, Hannibal Valdimarsson,
Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Nr. 87.02.20 í 1. gr. laganna orðist svo:

	Tollskrár- tollur	Efta- tollur
Almenningsbifreiðar (svo sem langferðabifreiðar og strætis- vagnar), 8 farþega leigubifreiðar og sendiferðabifreiðar, sem ætlaðar eru til leiguaksturs	30%	

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal toll af leigubifreiðum, sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. jan.
s. l., þannig, að kaupandi verði jafnt settur og ef lög þessi hefðu þá verið í gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á tollskrá, að greiddur verði
30% tollur af allt að 8 farþega bifreiðum, er notaðar eru til fólksflutninga í atvinnu-
skyni (leigubifreiðar), svo og af sendibifreiðum, sem ætlaðar eru til leiguaksturs.
Það verður að telja sanngjarnt, að þeir, sem slíkan atvinnurekstur stunda, sitji við
sama borð og þeir, er vöruflutninga stunda eða fólksflutninga samkv. sérleyfi.